



# **Landsvirkjun**

**Árshlutareikningur  
1. janúar til 30. júní 2006**

Landsvirkjun  
Háaleitisbraut 68  
103 Reykjavík

Kt. 420269-1299

# Efnisyfirlit

---

|                              |   |                 |   |
|------------------------------|---|-----------------|---|
| Rekstrarreikningur .....     | 2 | Skýringar ..... | 6 |
| Efnahagsreikningur .....     | 3 |                 |   |
| Yfirlit um sjóðstreymi ..... | 5 |                 |   |

## Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2006

|  | Skýr. | Samstæða             |                   | Móðurfélag           |                   |
|--|-------|----------------------|-------------------|----------------------|-------------------|
|  |       | 2006                 | 2005              | 2006                 | 2005              |
| <b>Rekstrartekjur</b>                            |       |                      |                   |                      |                   |
| Raforkusala .....                                | 2     | 8.514.208            | 6.639.959         | 8.934.405            | 7.153.337         |
| Flutningstekjur .....                            | 2     | 1.362.543            | 1.348.968         | 0                    | 0                 |
| Aðrar tekjur .....                               |       | 136.404              | 134.030           | 154.244              | 1.173.618         |
|  |       | <u>10.013.155</u>    | <u>8.122.957</u>  | <u>9.088.649</u>     | <u>8.326.955</u>  |
| <b>Rekstrargjöld</b>                             |       |                      |                   |                      |                   |
| Orkusvið .....                                   |       | 1.381.923            | 1.302.439         | 2.671.606            | 2.554.844         |
| Flutningskerfi .....                             |       | 548.479              | 643.441           | 0                    | 0                 |
| Almennar rannsóknir .....                        |       | 120.428              | 131.586           | 120.428              | 131.587           |
| Annar rekstrarkostnaður .....                    | 20    | 919.843              | 639.516           | 717.756              | 520.297           |
| Afskriftir .....                                 | 3,9   | 2.388.850            | 2.551.089         | 1.775.677            | 2.498.921         |
|  |       | <u>5.359.523</u>     | <u>5.268.071</u>  | <u>5.285.467</u>     | <u>5.705.649</u>  |
| Rekstrarhagnaður                                 |       | <u>4.653.631</u>     | <u>2.854.886</u>  | <u>3.803.182</u>     | <u>2.621.306</u>  |
| <b>Fjáreignatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>       |       |                      |                   |                      |                   |
| Vaxtatekjur og verðbætur .....                   |       | 131.610              | 35.857            | 2.076.086            | 35.193            |
| Vaxtagjöld .....                                 |       | ( 1.693.980)         | ( 1.568.407)      | ( 1.653.799)         | ( 1.557.142)      |
| Gengismunur, verðbætur og áhættuvarnir .....     |       | ( 26.050.552)        | 743.447           | ( 26.016.095)        | 756.076           |
| Áhrif dótturfélaga .....                         | 10    | 0                    | 0                 | ( 805.850)           | 152.696           |
|  | 7,18  | <u>( 27.612.922)</u> | <u>( 789.103)</u> | <u>( 26.399.658)</u> | <u>( 613.177)</u> |
| (Tap) hagnaður fyrir skatta                      |       | ( 22.959.291)        | 2.065.783         | ( 22.596.476)        | 2.008.129         |
| Tekjuskattur .....                               | 11    | 16.107.794           | 0                 | 16.106.039           | 0                 |
| Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfélaga ..... |       | <u>361.060</u>       | <u>( 57.654)</u>  | <u>0</u>             | <u>0</u>          |
| <b>(Tap) hagnaður tímabilsins .....</b>          |       | <u>( 6.490.437)</u>  | <u>2.008.129</u>  | <u>( 6.490.437)</u>  | <u>2.008.129</u>  |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| Skýr.   | Samstæða           |                    | Móðurfélag         |                    |
|---|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|
|   | 30.06.2006         | 31.12.2005         | 30.06.2006         | 31.12.2005         |
| <b>Fastafjármunir</b>                           |                    |                    |                    |                    |
| Fastafjármunir í rekstri:                       |                    |                    |                    |                    |
| Aflstöðvar .....                                | 80.556.306         | 82.124.009         | 80.556.306         | 82.124.009         |
| Flutningskerfi .....                            | 27.235.962         | 23.503.632         | 0                  | 0                  |
| Fjarskiptabúnaður .....                         | 429.785            | 452.245            | 0                  | 0                  |
| Bífreiddar og vinnuvélar .....                  | 221.079            | 222.697            | 162.362            | 162.327            |
| Þjónustuhúsnæði, áhöld og tæki .....            | 2.832.730          | 2.932.456          | 1.244.285          | 1.222.301          |
| 8   | <u>111.275.862</u> | <u>109.235.039</u> | <u>81.962.953</u>  | <u>83.508.637</u>  |
| Aðrir fastafjármunir:                           |                    |                    |                    |                    |
| 4   |                    |                    |                    |                    |
| Eignfærður undirbúningskostnaður .....          | 1.942.543          | 1.815.689          | 1.823.196          | 1.698.341          |
| Mannvirki í byggingu .....                      | 75.885.418         | 63.212.563         | 69.541.229         | 55.356.598         |
|   | <u>77.827.961</u>  | <u>65.028.252</u>  | <u>71.364.425</u>  | <u>57.054.939</u>  |
| Verðbréf og langtímakröfur:                     |                    |                    |                    |                    |
| Eignarhlutir í dótturfélögum .....              | 10                 | 0                  | 3.549.347          | 4.319.091          |
| Eignarhlutir í öðrum félögum .....              | 10                 | 385.738            | 408.707            | 351.438            |
| Aðrar langtímakröfur .....                      |                    | 149.524            | 160.283            | 27.852.723         |
| Reiknuð skattinneign .....                      | 11                 | 16.105.190         | 0                  | 16.106.039         |
|   | <u>16.640.452</u>  | <u>568.990</u>     | <u>47.859.547</u>  | <u>29.845.138</u>  |
| Fastafjármunir samtals                          | <u>205.744.275</u> | <u>174.832.281</u> | <u>201.186.925</u> | <u>170.408.714</u> |
| <b>Veltufjármunir</b>                           |                    |                    |                    |                    |
| Viðskiptakröfur .....                           | 2.977.207          | 2.498.179          | 2.019.261          | 1.499.369          |
| Krafa á tengd félög .....                       | 0                  | 0                  | 3.126.719          | 994.381            |
| Fyrirframgreiðslur og aðrar skammtímaeignir ... | 12                 | 2.733.973          | 1.311.802          | 2.949.255          |
| Birgðir .....                                   | 279.498            | 279.498            | 34.085             | 34.084             |
| Handbært fé .....                               | 7.642.938          | 3.063.577          | 6.959.313          | 2.679.499          |
|   | <u>13.633.616</u>  | <u>7.153.056</u>   | <u>15.088.633</u>  | <u>6.080.783</u>   |
| <b>Eignir samtals</b>                           | <u>219.377.891</u> | <u>181.985.337</u> | <u>216.275.558</u> | <u>176.489.497</u> |

## 30. júní 2006

### Eigið fé og skuldir

|  | Skýr. | Samstæða           |                    | Móðurfélag         |                    |
|--|-------|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|
|  |       | 30.06.2006         | 31.12.2005         | 30.06.2006         | 31.12.2005         |
| <b>Eigið fé</b>                                  |       |                    |                    |                    |                    |
| Eigendaframlög .....                             |       | 32.750.143         | 32.750.143         | 32.750.143         | 32.750.143         |
| Annað eigið fé .....                             |       | 18.371.248         | 25.252.418         | 18.371.248         | 25.252.418         |
| Eigið fé samtals                                 | 13    | <u>51.121.391</u>  | <u>58.002.561</u>  | <u>51.121.391</u>  | <u>58.002.561</u>  |
| <b>Hlutdeild minnihluta .....</b>                |       | <u>1.359.059</u>   | <u>1.720.119</u>   | <u>0</u>           | <u>0</u>           |
| <b>Skuldbindingar</b>                            |       |                    |                    |                    |                    |
| Lífeyrisskuldbindingar .....                     | 14    | <u>2.025.287</u>   | <u>1.950.597</u>   | <u>2.025.287</u>   | <u>1.947.992</u>   |
| <b>Langtímaskuldir</b>                           |       |                    |                    |                    |                    |
| Skuldir til langs tíma .....                     | 5,15  | <u>154.674.305</u> | <u>101.020.690</u> | <u>154.502.012</u> | <u>99.431.877</u>  |
| <b>Skammtímaskuldir</b>                          |       |                    |                    |                    |                    |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir ..... |       | 6.266.100          | 5.460.737          | 4.823.232          | 3.325.186          |
| Áfallnir vextir .....                            |       | 1.667.641          | 1.467.272          | 1.667.641          | 1.465.602          |
| Afborganir langtímaskulda á næsta ári .....      | 16    | 2.264.107          | 12.363.361         | 2.135.995          | 12.316.279         |
|  |       | <u>10.197.848</u>  | <u>19.291.370</u>  | <u>8.626.868</u>   | <u>17.107.067</u>  |
| Skuldir samtals                                  |       | <u>166.897.440</u> | <u>122.262.657</u> | <u>165.154.167</u> | <u>118.486.936</u> |
| <b>Eigið fé og skuldir samtals</b>               |       | <u>219.377.891</u> | <u>181.985.337</u> | <u>216.275.558</u> | <u>176.489.497</u> |

## Yfirlit um sjóðstreymi 1. janúar til 30. júní 2006

| Skýr.  | Samstæða                |                          | Móðurfélag              |                          |
|--|-------------------------|--------------------------|-------------------------|--------------------------|
|  | 2006                    | 2005                     | 2006                    | 2005                     |
| <b>Rekstrarhreyfingar</b>                          |                         |                          |                         |                          |
| Innborganir viðskiptavina .....                    | 9.466.250               | 8.255.400                | 8.515.659               | 8.840.914                |
| Greiddur rekstrarkostnaður .....                   | ( 3.064.887)            | ( 2.815.696)             | ( 3.562.804)            | ( 3.743.681)             |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta .....             | 6.401.363               | 5.439.704                | 4.952.855               | 5.097.233                |
| Innborgaðar vaxtatekjur og gengismunur .....       | 2.050.595               | 35.857                   | 2.289.891               | 35.193                   |
| Greidd vaxtagj., gengismunur og áhættuvarnir ..... | ( 2.864.111)            | ( 2.028.175)             | ( 2.773.578)            | ( 2.015.451)             |
| Handbært fé frá rekstri 17                         | <u>5.587.847</u>        | <u>3.447.386</u>         | <u>4.469.168</u>        | <u>3.116.975</u>         |
| <b>Fjárfestingarhreyfingar</b>                     |                         |                          |                         |                          |
| Kárahnjúkavirkjun .....                            | ( 14.128.189)           | ( 7.371.580)             | ( 14.128.189)           | ( 7.371.580)             |
| Flutningsvirki .....                               | ( 2.737.368)            | ( 1.560.569)             | 0                       | 0                        |
| Virkjunarundirbúningur .....                       | ( 280.212)              | ( 42.745)                | ( 280.212)              | ( 42.745)                |
| Seldar eignir .....                                | 103.425                 | 0                        | 0                       | 0                        |
| Aðrar fjárfestingar .....                          | ( 165.463)              | ( 214.575)               | ( 131.839)              | ( 133.906)               |
| Aukning (lækkun) ógr. framkvæmdakostnaðar .....    | <u>1.058.191</u>        | <u>( 951.735)</u>        | <u>1.349.187</u>        | <u>( 1.179.700)</u>      |
|  | ( 16.149.616)           | ( 10.141.204)            | ( 13.191.053)           | ( 8.727.931)             |
| Lækkun (aukning) annarra krafna .....              | <u>( 2.842.037)</u>     | <u>165.693</u>           | <u>( 4.977.655)</u>     | <u>( 1.231.580)</u>      |
|  | <u>( 18.991.653)</u>    | <u>( 9.975.511)</u>      | <u>( 18.168.708)</u>    | <u>( 9.959.511)</u>      |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>                      |                         |                          |                         |                          |
| Lántökur .....                                     | 37.824.508              | 18.383.761               | 37.824.508              | 18.381.991               |
| Afborganir lána til langs tíma .....               | ( 19.450.608)           | ( 3.735.798)             | ( 19.418.315)           | ( 3.703.983)             |
| Arður til eigenda .....                            | <u>( 426.839)</u>       | <u>( 394.390)</u>        | <u>( 426.839)</u>       | <u>( 394.390)</u>        |
|  | <u>17.947.061</u>       | <u>14.253.573</u>        | <u>17.979.354</u>       | <u>14.283.618</u>        |
| <b>Hækkun á handbæru fé .....</b>                  | <b>4.543.255</b>        | <b>7.725.448</b>         | <b>4.279.814</b>        | <b>7.441.082</b>         |
| <b>Áhrif erlends dótturfélags .....</b>            | <b>36.106</b>           | <b>9.497</b>             | <b>0</b>                | <b>0</b>                 |
| <b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>               | <b><u>3.063.577</u></b> | <b><u>3.397.269</u></b>  | <b><u>2.679.499</u></b> | <b><u>3.235.716</u></b>  |
| <b>Handbært fé í lok tímabils .....</b>            | <b><u>7.642.938</u></b> | <b><u>11.132.214</u></b> | <b><u>6.959.313</u></b> | <b><u>10.676.798</u></b> |

# SKÝRINGAR

## Reikningskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningskila

1. Árshlutareikningur Landsvirkjunar hefur að geyma samstæðureikning fyrirtækisins og dótturfélaga þess og árshlutareikning móðurfélagsins. Stöður milli samstæðufélaga og viðskipti milli félaganna eru felldar út í samstæðureikningnum. Dótturfélög eru þau félög þar sem fyrirtækið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar fyrirtækið hefur veruleg áhrif, bein og óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags.

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna. Árshlutareikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningskilum og er gerður eftir sömu reikningskilaaðferðum og árið áður.

### Innlausn tekna

2. Tekjur af raforkusölu og orkuflutningi eru sala til stóriðju og almenningsveitna samkvæmt mældri afhendingu orkunnar á rekstrartímabilinu. Ef við á er afsláttur af sölu færður til lækkunar á sölu. Aðrar þjónustutekjur eru einnig færðar þegar til þeirra er unnið eða við afhendingu. Í árshlutareikningi móðurfélags 2005 var tekjufærð eignaleiga frá Landsneti hf. en allar flutningsseignir fyrirtækisins voru yfirfærðar til Landsnets hf. í árslok 2005. Vaxtatekjur og aðrar tímatengdar tekjur af peningalegum eignum eru færðar miðað við áfallinn rétt til teknanna.

### Fastafjármunir í rekstri

3. Fastafjármunir í rekstri eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir fastafjármuna eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð en það samsvarar eins árs afskrift. Afskriftahlutföllin eru þessi:

| Aflstöðvar:                   |         | Áætlaður endingartími |
|-------------------------------|---------|-----------------------|
| Mannvirki .....               | 1,67%   | 60 ár                 |
| Vélbúnaður .....              | 3,33%   | 30 ár                 |
| Íbúðarhús .....               | 2,00%   | 50 ár                 |
| Stíflur og veitur .....       | 1,67%   | 60 ár                 |
| Gufuaflstöðvar .....          | 4-5%    | 20-25 ár              |
| Spennistöðvar .....           | 2,5-20% | 5-40 ár               |
| Háspennulínur .....           | 2,00%   | 50 ár                 |
| Skrifstofuhúsnæði .....       | 2,00%   | 50 ár                 |
| Áhöld og búnaður .....        | 12-25%  | 4-8 ár                |
| Bifreiðar og vinnuvélar ..... | 20,00%  | 5 ár                  |
| Ljósleiðarar .....            | 5,00%   | 20 ár                 |
| Möstur .....                  | 7,00%   | 15 ár                 |
| Fjarskiptahús .....           | 6,00%   | 17 ár                 |
| Annar fjarskiptabúnaður ..... | 14-15%  | 7 ár                  |

### Fastafjármunir - aðrir

4. Útlagður kostnaður við almennar rannsóknir er gjaldfærður á því ári sem hann fellur til. Undirbúningskostnaður vegna virkjana er eignfærður meðal fastafjármuna, en á þennan kostnað eru ekki reiknaðir vextir. Við mat á eignfærslu kostnaðarins er farið eftir skilyrðum settra reikningskilareglna. Kostnaðurinn er ekki afskrifaður á þessu stigi heldur er hann metinn með tilliti til virðisryrnunar.

Vaxtagjöld af lánsfé sem nýtt var til fjármögnunar á kostnaðarverði mannvirkja í byggingu eru eignfærð á byggingartíma. Eftir að eignimar eru teknar í notkun eru vaxtagjöld færð til gjalda í rekstrarreikningi.

# SKÝRINGAR

## Erlendir gjaldmiðlar og verðtryggingar

5. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eða tryggðar með viðmiðun við þá eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í lok tímabilsins. Verðtryggðar skuldir eru færðar með áföllnum verðbótum miðað við vísitölu 1. júlí 2006. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags. Áfallinn gengismunur og verðbætur skulda eru færð í rekstrarreikninginn.

## Afleiðuviðskipti

6. Hagnaður eða tap af afleiðusamningum eru færð í rekstrarreikning. Afleiðusamningar sem notaðir eru til að verja framtíðarviðskipti eru færðir í árslutareikninginn á sama tímabili og viðskiptin sem varin eru. Yfirlit um opna afleiðusamninga og gangvirði þeirra er að finna í skýringu nr. 18.

## Fjármagnskostnaður

|   | 1.1.-30.6.<br>2006 | 1.1.-30.6.<br>2005 |
|---|--------------------|--------------------|
| 7. Hreinn fjármagnskostnaður greinist þannig í milljónum króna: |                    |                    |
| Vaxtatekjur .....   | 132                | 40                 |
| Fjármagnstekjuskattur .....                                     | 0 (                | 4)                 |
| Vaxtagjöld .....  | ( 2.734)           | ( 2.118)           |
| Ábyrgðargjald til eigenda .....                                 | ( 167)             | ( 124)             |
| Gengismunur, verðbætur og áhættuvarnir .....                    | ( 26.051)          | 744                |
| Fært á nýbyggingar .....  | 1.207              | 673                |
|   | <u>( 27.613)</u>   | <u>( 789)</u>      |

Gjöld og tekjur vegna áhættuvarna eru færð meðal fjármagnskostnaðar. Samningsbundnir vextir af nýju lánsfé að meðtöldu álagi vegna ábyrgðargjalds voru um 4,3% á tímabilinu.

## Fastafjármunir

8. Fastafjármunir í rekstri, stofnverð þeirra og afskriftir greinast þannig í milljónum króna:

| Samstæða:                         | Aflstöðvar     | Flutnings-<br>kerfi | Fjarskipta-<br>búnaður | Aðrar eignir | Samtals        |
|-----------------------------------|----------------|---------------------|------------------------|--------------|----------------|
| Heildarverð 1.1.2006 .....        | 167.872        | 23.504              | 692                    | 4.554        | 196.622        |
| Aukning á tímabilinu .....        | 0              | 4.269               | 4                      | 78           | 4.351          |
| Niðurlagt/selt á tímabilinu ..... |                |                     |                        | ( 103)       | ( 103)         |
| Heildarverð 30.6.2006 .....       | <u>167.872</u> | <u>27.773</u>       | <u>696</u>             | <u>4.529</u> | <u>200.870</u> |
| Afskrifað áður .....              | 85.748         | 1                   | 240                    | 1.398        | 87.387         |
| Afskrifað nú .....                | 1.568          | 536                 | 26                     | 97           | 2.227          |
| Niðurlagt/selt á tímabilinu ..... |                |                     |                        | ( 20)        | ( 20)          |
| Afskrifað samtals .....           | <u>87.316</u>  | <u>537</u>          | <u>266</u>             | <u>1.475</u> | <u>89.594</u>  |
| Bókfært verð 30.6.2006 .....      | <u>80.556</u>  | <u>27.236</u>       | <u>430</u>             | <u>3.054</u> | <u>111.276</u> |

Fasteignamat þeirra eigna fyrirtækisins sem metnar eru í fasteignamati er 21,5 milljarðar króna. Vátryggingafjárhæð eigna fyrirtækisins er um 270 milljarðar króna.



# SKÝRINGAR

|  | 1.1.-30.6.<br>2006 | 1.1.-30.6.<br>2005 |
|--|--------------------|--------------------|
| 9. Afskriftir tímabilsins sundurliðast þannig í milljónum króna: |                    |                    |
| Aflstöðvar .....   | 1.568              | 1.576              |
| Spennistöðvar og háspennulínur .....                             | 536                | 647                |
| Fjarskiptabúnaður .....  | 26                 | 52                 |
| Aðrar eignir .....   | 97                 | 75                 |
| Afskrift eigna í rekstri .....                                   | 2.227              | 2.350              |
| Vinnubúðir .....   | 3                  | 4                  |
| Fært á fjárfestingar .....                                       | ( 3)               | ( 4)               |
| Virðisrymun á undirbúningskostnaði .....                         | 162                | 201                |
|  | <u>2.389</u>       | <u>2.551</u>       |

## Verðbréf og langtímakröfur

10. Í lok júní 2006 voru dótturfélög Landsvirkjunar í samstæðunni fjögur.

Hlutdeild í afkomu Íslenskrar jarðhitatækni ehf. hefur ekki verið færð í árshlutareikninginn þar sem áhrif þess félags eru óveruleg. Það sama á við um Landsnet ehf., dótturfélag Landsnets hf. en enginn rekstur hefur verið hjá því félagi á tímabilinu.

Samkvæmt rekstrarreikningum dótturfélaganna nam hlutdeild móðurfélagsins í tapi þeirra 806 milljónum króna á tímabilinu og er sú fjárhæð færð til gjalda í rekstrarreikningi.

Bókfært verð dótturfélaganna sem eru færð í samstæðureikninginn greinast þannig í milljónum króna:

|                                     | Eignarhlutur | Nafnverð | Bókfært verð |
|-------------------------------------|--------------|----------|--------------|
| Fjarski ehf. ....                   | 100%         | 250,0    | 208          |
| Icelandic Power Insurance Ltd ..... | 100%         | USD 0,1  | 252          |
| Íslensk jarðhitatækni ehf .....     | 74%          | 0,4      | 5            |
| Landsnet hf .....                   | 69,44%       | 3.821,1  | 3.084        |
|                                     |              |          | <u>3.549</u> |

Fjárfestingar í félögum á tímabilinu námu samtals 2,8 milljónum króna í Orkusölu ehf.

Eignarhlutir í öðrum félögum sem eru færðir á kaupverði greinast þannig í milljónum króna:

|                                   | Eignarhlutur | Nafnverð | Bókfært verð |
|-----------------------------------|--------------|----------|--------------|
| Enex hf. ....                     | 22,6%        | 50,1     | 111          |
| Farice hf. ....                   | 1,3%         | 0,4      | 1            |
| Hecla SAS .....                   | 30,0%        | EUR 0,09 | 8            |
| Tengir hf. ....                   | 6,0%         | 2,4      | 2            |
| Íslensk orka ehf. ....            | 27,1%        | 44,2     | 1            |
| Netorka hf. ....                  | 40,0%        | 9,6      | 43           |
| Baðfélag Mývatnssveitar ehf. .... | 12,5%        | 15,0     | 15           |
| Sipenco GmbH .....                | 25,0%        | CHF 0,06 | 3            |
| Þeistareykir ehf. ....            | 31,97%       | 110,8    | 260          |
| Neyðarlínan hf. ....              | 7,9%         | 1,5      | 50           |
| Orkusalan ehf .....               | 28,0%        | 2,8      | 3            |
| Vistorka hf. ....                 | 13,6%        | 10,1     | 31           |
|                                   |              |          | <u>528</u>   |
| Niðurfærsla hutabréfaeignar ..... |              |          | ( 142)       |
|                                   |              |          | <u>386</u>   |

# SKÝRINGAR

Ekki var færð hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga þar sem rekstur þeirra er talinn hafa óveruleg áhrif á samstæðuna.

Hlutabréfaeign Landsvirkjunar hefur verið færð niður með óbeinni niðurfærslu sem nemur samtals 142 milljónum króna vegna óvissu um framtíðarstöðu einstakra félaga, en sum félögin eru stofnuð um áhættusöm nýsköpunarverkefni.

## Skattamál

11. Landsvirkjun hefur verið undanþegin tekjuskatti en í samræmi við lög nr. 50 frá árinu 2005 varð fyrirtækið tekjuskattsskyldt frá og með 1. janúar 2006. Ónotaður skattalegur frádráttur 1. janúar 2006 er áætlaður um 61 milljarður króna sem myndast fyrst og fremst vegna mismunar á afskriftarhraða fastafjármuna í skattauppgjöri annars vegar og reikningsskilum hins vegar. Hinn 30. júní 2006 er sambærileg fjárhæð að viðbættu skattalegu tapi tímabilsins um 82 milljarðar króna. Áhrifin vegna breytingar á skattskyldu fyrirtækisins eru færð í gegnum rekstrarreikning. Skattinneignin sem færð er í árshlutareikninginn myndast annars vegar vegna yfirfæranlegs skattalegs taps sem nýtist til frádráttar hagnaði næstu tíu ára eftir að það myndast og hins vegar vegna tímabundins mismunar. Í árshlutareikningnum er reiknuð skattinneign metin 16,1 milljarður króna. Af varkárnessjónarmiðum hefur við matið verið tekið tillit til óvissu um nýtingu skattalegs frádráttar í framtíðinni.

## Fyrirframgreiðslur og aðrar skammtímaeignir

12. Meðal fyrirframgreiðslna og annarra skammtímaeigna er færð inneign hjá erlendum banka að fjárhæð 1.474 milljónir króna sem er sammingsbundið tryggingafé vegna afleiðusamninga. Ástæðan er neikvætt gangvirði áhættuvarnasamninga vegna hækkunar á álverði, sjá nánar skýringu 18.

## Eigið fé

| 13. Breytingar á eigin fé á tímabilinu greinast þannig í milljónum króna: | 2006          | 2005          |
|---|---------------|---------------|
| Frá fyrra ári .....   | 58.003        | 51.377        |
| Greiddur arður til eigenda .....  | ( 427)        | ( 394)        |
| Sérstakt endurmat flutningsvirkja .....                                   |               | 721           |
| Gengismunur vegna umreiknings dótturfélags .....                          | 42            | 5             |
| Aðrar breytingar á eigin fé dótturfélags .....                            | ( 6)          |               |
| (Tap) hagnaður .....  | ( 6.491)      | 6.294         |
| Eigið fé í lok tímabilsins .....  | <u>51.121</u> | <u>58.003</u> |

Samkvæmt sameignarsamningi eigenda frá 1981 með áorðnum breytingum námu endurmetin eigendaframlög 14.000 millj. kr. í árslok 1995. Sú fjárhæð framreiknuð til verðlags í árslok 2005 nemur 21.576 millj. kr. Í samkomulagi eigenda er kveðið á um 5,5% arðsúthlutun af endurmetnum eigendaframlögum og ógreiddum arði. Arður er greiddur til eigenda eftir ákveðnum reglum sem miðast við tiltekin hlutföll rekstrarhagnaðar án afskrifta og vaxta af heildarskuldum. Uppsafnaður áfallinn arður nam 11.174 millj. kr. í árslok 2005 og þar af voru greiddar 427 millj. kr. á fyrri hluta árs 2006. Samkvæmt þessu greinist eigið fé fyrirtækisins þannig:

|                                |               |
|--------------------------------|---------------|
| Endurmetin framlög .....       | 21.576        |
| Uppsafnaðar arðgreiðslur ..... | 11.174        |
| Eigendaframlög samtals .....   | <u>32.750</u> |
| Annað eigið fé .....           | 18.371        |
| Eigið fé alls .....            | <u>51.121</u> |

# SKÝRINGAR

## Skuldbindingar

14. Skuldbinding fyrirtækisins til greiðslu verðbóta á eftirlaun lífeyrisþega sem réttindi eiga hjá lífeyrissjóðum ríkis- og bæjarstarfsmanna nam 1.948 millj. kr. í árslok 2005 samkvæmt mati tryggingastærðfræðings, en við útreikningana er miðað við áætlaðar launa- og verðlagsbreytingar í framtíðinni. Vextir umfram hækkun verðlags eru taldir 3,5% og hækkun launa umfram hækkun verðlags er metin 1,5% á ári til jafnaðar. Forsendur um lífslíkur og dánartíðni eru í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Lífeyrisaldur er reiknaður 68 ár hjá þeim sjóðfélögum sem eru virkir en 65 ár fyrir þá sjóðfélaga sem látið hafa af störfum og eiga geymd réttindi. Er þetta í samræmi við það sem miðað er við hjá LSR. Áætluð hækkun skuldbindingarinnar á fyrstu sex mánuðum ársins er 77 milljónir króna.

## Langtímaskuldir

15. Langtímaskuldir greinast þannig eftir myntum í milljónum króna:

| <b>Samstæða:</b>           | Erlend<br>fjárhæð | Innlend<br>fjárhæð | Verðbætur<br>gengistap |
|----------------------------|-------------------|--------------------|------------------------|
| Bandaríkjadollar .....     | 752,0             | 57.734             | ( 7.869)               |
| Evra .....                 | 451,3             | 44.074             | ( 11.145)              |
| Íslensk króna .....        |                   | 32.801             | ( 1.577)               |
| Japanskt jen .....         | 4.481,9           | 3.003              | ( 587)                 |
| Svissneskur franki .....   | 217,5             | 13.550             | ( 3.108)               |
| Sterlingspund .....        | 41,0              | 5.776              | ( 2.200)               |
|                            |                   | <u>156.938</u>     | <u>( 26.486)</u>       |
| Afborganir næsta árs ..... |                   | 2.264              |                        |
| Staða í lok tímabils ..... |                   | <u>154.674</u>     |                        |

Vaxtakjör af lánum móðurfyrirtækisins eru frá 0,5-14,5%. Að jafnaði voru nafnvextir á tímabilinu um 4,3% en þeir voru 3,51% árið áður.

Landsvirkjun hefur gert gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamninga til að takmarka gengis- og vaxtaáhættu sína. Tekið er tillit til þeirra við skiptingu lána eftir myntum og einnig miðast færsla vaxta og gengismunar í árshlutareikningi við samningana. Eigendur Landsvirkjunar eru í einfaldri ábyrgð fyrir langtímaskuldum móðurfélagsins.

16. Samkvæmt lánasamningum eiga afborganir langtímaskulda að vera sem hér segir í milljónum króna:

|                           | <b>Samstæða</b> |
|---------------------------|-----------------|
| 1.7.2006-30.06.2007 ..... | 2.264           |
| 1.7.2007-31.12.2007 ..... | 256             |
| 2008 .....                | 19.864          |
| 2009 .....                | 1.725           |
| 2010 .....                | 11.341          |
| Síðar .....               | 121.488         |
|                           | <u>156.938</u>  |

Eins og undanfarin ár er gert ráð fyrir endurfjármögnun móðurfélagsins á langtímaskuldum til lengingar lánstíma. Því má gera ráð fyrir að dreifing afborgana verði önnur en að ofan greinir.

# SKÝRINGAR

## Sjóðstreymi

17. Fé frá rekstri samkvæmt sjóðstreymi segir mikið til um hæfi fyrirtækisins til að standa við greiðsluskuldbindingar sínar. Einkum er yfirlit um sjóðstreymi gagnlegt ef nokkurra ára samanburður er gerður. Í þessu skyni er hér sett fram fjögurra ára yfirlit.

|  | Samstæða  |           |           | Móðurfélag |
|--|-----------|-----------|-----------|------------|
|  | 2006      | 2005      | 2004      | 2003       |
|  | 1.1.-30.6 | 1.1.-30.6 | 1.1.-30.6 | 1.1.-30.6  |
| Rekstrarhagnaður (tap) .....   | ( 6.490)  | 2.008     | ( 645)    | 1.480      |
| Afskriftir og virðisrýrnun eigna .....   | 2.389     | 2.551     | 2.568     | 2.587      |
| Söluhagnaður .....   | ( 24)     | ( 3)      | 0         | 0          |
| Gengismunur, verðbætur og niðurfærsla hlutabréfa ....                              | 26.860    | ( 1.291)  | 528       | ( 885)     |
| Tekjuskattur .....   | ( 16.108) | 0         | 0         | 0          |
| Hlutdeild minnihluta .....   | ( 361)    | 57        | 0         | 0          |
| Hreint veltufé frá rekstri .....   | 6.266     | 3.322     | 2.451     | 3.182      |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna .....  | ( 874)    | 43        | 318       | 179        |
| (Hækkun) lækkun rekstrartengdra skulda .....                                       | 196       | 82        | ( 75)     | ( 210)     |
| Handbært fé frá rekstri .....  | 5.588     | 3.447     | 2.694     | 3.151      |
| Handbært fé frá rekstri sem hlutfall af<br>langtímaskuldum í lok tímabilsins ..... | 3,6%      | 3,1%      | 2,6%      | 3,6%       |

## Áhættustýring

18. Landsvirkjun stundar virka áhættustýringu í samræmi við skipulag og heimildir sem settar eru af stjórn fyrirtækisins og lýtur starfsemin eftirliti innri og ytri endurskoðenda.

Fjárhagsleg áhætta sem Landsvirkjun býr við er einkum af þrennum toga. Í fyrsta lagi er áhætta vegna breytinga á heimsmarkaðsverði á áli, en verulegur hluti raforkusölu er tengdur álverði. Í öðru lagi er vaxtaáhætta vegna lána fyrirtækisins og í þriðja lagi gengisáhætta vegna skulda og tekna í erlendri mynt. Markmið áhættustýringar Landsvirkjunar er að lágmarka fjármagnskostnað með því að draga úr áhrifum neikvæðra gengissveiflna og stuðla að lágu vaxtastigi. Fyrirtækið leitast jafnframt við að draga úr sveiflum í rekstri vegna raforkusölu tengda álverði með framvirkri sölu á áli.

Sett hafa verið viðmið í hverjum áhættuflokki um þau varnarhlutföll sem að skal stefnt að jafnaði. Þetta eru markmið stjórnar um æskilega langtímastöðu fyrirtækisins í einstökum áhættuþáttum. Virk áhættustýring felur í sér að stjórnendur hafa heimild til að víkja frá þessum viðmiðum innan tilsettra marka enda séu væntingar um að frávik feli í sér aukinn ávinning fyrir Landsvirkjun.

Landsvirkjun nýtir sér viðskipti með afleiður annars vegar í áhættustýringu og hins vegar í svokölluðum markaðsviðskiptum. Þegar ráðist er í afleiðuviðskipti liggur fyrir í upphafi hvort um er að ræða áhættustýringu eða markaðsviðskipti. Ræðst ákvörðun um slíkt af þeim ásetningi sem liggur að baki viðskiptunum. Viðskipti sem gerð eru vegna áhættustýringar er ætlað að draga úr neikvæðum afkomuáhrifum vegna sveiflna í álverði, vöxtum eða gengi gjaldmiðla. Markaðsviðskipti eru stundið í hagnaðarskyni.

Samkvæmt ákvæðum laga um ársreikninga skal upplýsa um gangvirði afleiðusamninga í skýringum séu þeir ekki færðir á gangvirði í reikningsskilum og fylgja upplýsingar um það hér á eftir. Með gangvirði er átt við þá fjárhæð sem unnt væri að selja eign á eða greiða skuld í viðskiptum milli óskyldra og upplýstra aðila.

Gjaldmiðlaskiptasamningar vegna langtímaskulda hafa verið gerðir og í lok júní var gangvirði þeirra neikvætt um 626 milljónir króna en bókfærð hrein skuld vegna sömu samninga er 352 milljónir króna. Undirliggjandi fjárhæðir í þessum samningum nema sem svarar til 33 milljarða króna.

# SKÝRINGAR

Vaxtaskiptasamningar hafa verið gerðir og eru þeir einkum til þess að hverfa frá breytilegum vöxtum í fasta vexti. Gangvirði þessara samninga er jákvætt um 682 milljónir króna í lok júní en undirliggjandi fjárhæðir nema sem svarar til 20 milljarða króna.

Framvirkir samningar um kaup og sölu á gjaldeyri hafa verið gerðir og er neikvætt gangvirði þessara samninga um 97 milljónir króna í lok júní en undirliggjandi fjárhæðir nema sem svarar til um 1,8 milljarða króna.

Gerðir hafa verið valréttarsamningar og lok júní var gangvirði þeirra samninga jákvætt um 53 milljónir króna en undirliggjandi fjárhæðir nema sem svarar til 5 milljarða króna.

Samningar um álverð til þess að verja sölutekjur hafa verið gerðir og er óinnleyst gangvirði þeirra neikvætt um 10,9 milljarða króna í lok júní 2006 en undirliggjandi fjárhæðir nema sem svarar til 33 milljarða króna. Gangvirðið miðast við núvirt greiðsluflæði sem byggir á framvirku verði á áli á markaði en tekur einnig tillit til valréttaráhrifa í afleiðusamningunum. Gjaldfærsla vegna áhættuvarna á tímabilinu nam alls um 1,5 milljarði króna.

Ráðist hefur verið í umfangsmikla vinnu við að meta gangvirði innbyggðra afleiða í orkusölusamningum Landsvirkjunar til álvera. Niðurstaðan liggur ekki fyrir en vísbendingar eru um að jákvætt gangvirði þessara innbyggðu afleiða sé umtalsvert. Fyrrgreindir orkusamningar eru í erlendri mynt og hækka því við lækkun íslensku krónunnar.

## Önnur mál

19. Í lok síðasta árs var samið við Félag landeigenda við Jökulsá á Dal og fulltrúa réttihafa vegna vatnsréttinda í Jökulsá í Fljótsdal um að skipa sérstaka matsnefnd til að meta verðmæti vatnsréttinda vegna Kárahnjúkavirkjunar og hvernig greiðslur fyrir þau skuli skiptast á milli réttihafa. Líklegt er að matsnefndin ljúki störfum í kringum næstu áramót.

| 20. Annar rekstrarkostnaður móðurfélags greinist þannig í milljónum króna: | 1.1.-30.6. | 1.1.-30.6. |
|--|------------|------------|
|  | 2006       | 2005       |
| Yfirstjórn og stoðdeildir .....  | 104        | 117        |
| Fjármálasvið .....   | 116        | 118        |
| Starfsmannasvið .....  | 38         | 43         |
| Upplýsingasvið .....   | 69         | 57         |
| Verkfræði- og framkvæmdasvið .....   | 94         | 42         |
| Eftirlaun og lífeyrishækkningar .....                                      | 119        | 119        |
| Niðurfærsla hlutabréfa .....   | 26         | 0          |
| Áunnið orlof, breyting .....   | 93         | 0          |
| Annar sameiginlegur kostnaður .....  | 59         | 24         |
|  | <u>718</u> | <u>520</u> |

21. Fyrirtækið hefur hafið undirbúning að innleiðingu alþjóðlegra reglna um gerð samstæðureikningsskila í samræmi við reglur um birtingar ársreikninga félaga með skráð verðbréf í kauphöllum á evrópska efnahagssvæðinu. Ekki liggur fyrir hversu mikil áhrif þær kunna að hafa á bókfært eigið fé fyrirtækisins.

## SKÝRINGAR

---

22. Á árinu 2003 hófust virkjunarframkvæmdir við Kárahnjúka í framhaldi af gerð orkusólusamnings við Fjarðaál, dótturfélag Alcoa. Þar verður reist 690 MW aflstöð og jafnframt lagðar flutningslínur til Reyðarfjarðar. Stefnt er að því að fyrsta vél virkjunarinnar, af sex, verði gangsett 1. apríl 2007. Nánari lýsingar á magntölum og áætluðum framkvæmdum er að finna á heimasíðu virkjunarinnar [www.karahnjukur.is](http://www.karahnjukur.is)  
Í lok júní 2006 nam byggingarkostnaður Kárahnjúkavirkjunar tæpum 69,5 milljörðum króna.